

22. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 3. maí 2017 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS
Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar
Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands, hafði boðað forföll. Ekki hefur verið skipaður varamaður fyrir hönd Náttúrustofunnar en Sindri Gíslason sat fundinn fyrir hönd stofunnar. Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur síðasta árs

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2016. Hagnaður varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 4,7 milljónir. Stjórn lýsti yfir ánægju með niðurstöðuna. Ólafur minntist á að munurinn á milli tveggja síðustu ára sé góð áminning um að þetta er viðkvæmur rekstur. Stjórn staðfesti ársreikninginn með undirskrift sinni.

Ákveðið var að setja nýtingu orlofsdaga starfsmanna á dagskrá næsta stjórnarfundar, með það að markmiði að setja niður viðmiðunarreglur varðandi þetta.

2. Önnur mál

Stjórnarformaður sagði frá því að þetta yrði hans síðasti stjórnarfundur hjá Þekkingarsetrinu að sinni. Nýr fulltrúi Sandgerðisbæjar er Fríða Stefánsdóttir. Ólafur Þór mun áfram sitja sem varafulltrúi bæjarins í stjórn. Stjórn þakkaði honum fyrir ánægjulegt samstarf.

Fundi var slitið kl. 15:40

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN